

Í þriðja kafla og 5. gr laga ÞÍ er kveðið á um stjórn félagsins, kosningar og kjörtímabil. Leggur undirrituð til eftirfarandi lagabreytingartillögu sem fellst í því að síðasta setning lagagreinarinnar verði felld á brott. Sú setning varðar hámarks setu stjórnarmanna í stjórn.

Fyrir aðalfund árið 2017 lagði undirrituð fram sambærilega tillögu að breytingu lagagreinarinnar en hún hlaut ekki brautargengi heldur var ákveðið að setja málið í nefnd sem skyldi hafa það hlutverk að skoða kosti og galla þess að taka út hámarkstíma á setu formanns og stjórnar. Í nefndinni sat undirrituð fyrir hönd trúnaðarmanna ÞÍ, Hanna Kristín Sigurðardóttir varaformaður ÞÍ og Guðný Stefánsdóttir fyrverandi formaður Félags Þroskaþjálfara.

Kannað var hvernig þessum málum er háttað hjá öðrum fag- og stéttarfélögum innan BHM og KÍ. Niðurstöður nefndarinnar voru kynntar á opnum félagsfundi og á aðalfundi 2018. Í ljós kom að hámarksseta formanna var á bilinu sex til tólf ár en hjá 18 af 27 félögum var engin hámarksseta.

Á aðalfundi 2018 voru gerðar afar góðar breytingar á lögum félagsins hvað varðar rafrænar og leynilegar kosningar, fyrirvara á framboðum og kynningar frambjóðenda. Undirrituð telur mikilvægt að félagsmenn fái nú tækifæri til að kjósa um það hvort í gildi séu reglur um hámarkssetu stjórnarmanna.

Áður fyrr var formannshlutverk í stéttarfélögum sjaldnast launað starf. Það gekk misvel að fá félagsmenn til að taka að sér hlutverkið og stundum var það gert af ákveðinni skyldurækni. Kjörtímabilin voru oft um tvö ár til þess að félagsmenn væru líklegri til að taka hlutverkið að sér. Styttri kjörtímabil og hámarksseta minnkuðu þannig pressuna sem félagsmenn voru undir. Nú þegar formannshlutverkið er hjá flestum félögum orðið fullt starf og ágætlega borgað fyrir það er eðlilegt að félagsmenn séu tilbúnari til að sitja lengur. Reglur eru til þess fallnar að hjálpa okkur og það er ekki óeðlilegt að breyta reglum ef að það þjónar hagsmunum félagsins.

Síðustu ár hafa einkennst af langri og á tíðum harðri launa- og réttindabaráttu þar sem mikilvægi þeirrar þekkingar sem formenn og stjórnir félaga innan BHM hafa viðað að sér í gegnum árin sannaði sig. ÞÍ hefur vegna dýrmætrar reynslu formanns og stjórnar verið virkur þátttakandi og oft leiðandi í samstarfi félaga innan BHM. Samningar í dag eru aldrei undirritaðir og látnir óhreyfðir fram að næstu samningum. Þeir innibera ýmsar bókanir um verkefni sem unnið skal að allan samningstímann. Félag með formann sem býr yfir áralangri reynslu og mikilli þekkingu hagnast óhjákvæmilega á því.

Undirrituð telur ákvæði um hámarkssetu stjórnarmanna óþarft og leggur til að það verði felld á brott. Áfram verður möguleiki á mótframboði annað hvert ár og vegna þeirra lagabreytinga sem gerðar voru á aðalfundi 2018 er tryggt að um lýðræðislegar kosningar er að ræða.

*Jóhanna Lilja Ólafsdóttir, þroskaþjálfari
Kópavogur, 31. janúar 2019*

Stjórn félagsins

5. gr.

Stjórn félagsins skipa sjö menn sem kosnir eru til tveggja ára í senn. Formaður og varaformaður skulu kosnir sérstaklega. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum og kýs úr sínum hópi ritara og gjaldkera. Stjórnarmenn skulu vera með stéttarfélagsaðild að Þroskaþjálfafélagi Íslands. Ef stjórnarmenn, aðrir en formaður eða varaformaður, gerast fagaðilar á kjörtímabilinu, er þeim heimilt að sitja í stjórn fram að næsta aðalfundi. **Engum er heimilt að sitja samfellt í stjórn lengur en fimm kjörtímabil. Fyrri stjórnarstörf formanns og varaformanns eru þó undanskilin.**